

Mál nr. 141/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega.****Slyshugtak vátryggingarskilmála vegna líkamstjóns 3. mars 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.5.2016.

Bréf lögmanns M dags. 26. maí 2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar hann var við körfuboltaæfingar. Í gögnum málsins liggur fyrir tjonstilkynning dags. 20. mars 2016, sem undirrituð er af M, en þar segir: „Var að hita upp skjólstæðinga fyrir æfingar sem þeir áttu að fara að gera undir leiðsögn Magna. Ákveðið var að hita upp í körfubolta með þeim afleiðingum að M sleit vinstri hásin við upphlaup og engin snerting var við annan aðila.“ Í annarri tjonstilkynningu dags. 21. mars 2016 kemur einnig fram að vinstri hásin hafi slitnað við upphlaup og engin snerting hafi orðið við annan aðila. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 5. apríl 2016. Í tjonstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 14. apríl 2016 er lýsingin hins vegar svohljóðandi: „Í einu uppstökkinu með boltann rennur kærandi til, missir jafnvægið og fellur við með þeim afleiðingum að vinstri hásin slitnar.“ Í málskoti, sem móttakið var 27. apríl 2016 var lýsing með sama hætti.

M telur að það sem raunverulega gerðist hafi verið það að hann missti jafnvægið í uppstökki og féll og verði líkamstjón hans ekki rakið til skyndilegs svimakasts hans eða innra ástands og verði því að telja að um utanaðkomandi atburð sé að ræða í skilningi dómafordæmis í máli Hæstaréttar Íslands nr. 412/2011. M ítrekar að hann hafi verið við hestaheilsu áður en líkamstjónið kom til og að V beri sönnunarbyrði um að rekja megi líkamstjón hans til innra ástands. Einnig bendir M á að ekki hafi verið haft samband við vitni til að leiða betur í ljós málsatvik.

V telur að ekki sé sýnt að rekja megi líkamstjón M til utanaðkomandi atburðar í skilningi 8. gr. vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega. Þar komi fram að hugtaksskilyrði slyss í skilningi þeirrar greinar sé að utanaðkomandi atburður hafi leitt til líkamstjóns M. Lýsingar hans á atvikum bendi hins vegar ekki til þess og verði ekki byggt á lýsingum M sem komi til eftir að hann fékk upplýsingar um höfnun bótaskyldu, heldur á fyrstu skýrslum um málið.

Álit.

Í vátryggingarétti er orðið slys gjarnan skýrt sérstaklega í vátryggingarskilmálum vátryggingafélaga með þeim hætti að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerðist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í 8. gr. skilmála slysatryggingar launþega hjá V. Í nýlegri dómafrákvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi vátryggingarskilmála. Í þessu máli verður ekki litið framhjá tilkynningu M sjálfs um að hann hafi verið að stökkva upp þegar hásin í vinstri fæti slitnaði. Aðrar lýsingar á atburðinum hnekkja ekki umræddri lýsingu atvika og verður hún því lögð til grundvallar. Verður, við þær aðstæður, ekki annað séð en að líkamstjón M hafi orðið vegna innra ástands í líkama hans en ekki vegna utankomandi atburðar við fall, þar sem áhrif á líkama urðu, m.v. þá lýsingu sem lögð er til grundvallar, án þess að fall kæmi til. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.